



Tilgangur og gildissvið / Purpose and Scope

Eftirlit með framkvæmd skoðunar skal fara fram samkvæmt 32. og 33. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja nr. 414/2021. Við eftirlit skal leitast við að skoðunarstofa og skoðunarmaður hafi skoðað ökutæki samkvæmt skoðunarhandbók og skal dæming og niðurstaða vera innan tiltekinna frávika.

Framkvæmd / Actions

Framkvæmd eftirlitsmanns Samgöngustofu:

- Eftirlitsmaður Samgöngustofu gerir áætlun um fjölda heimsóknna á skoðunarstöðvar í hverjum mánuði. Fjöldi heimsóknna fer eftir fjölda skoðunarstöðva á því svæði sem unnið er á hverju sinni.
- Eftirlitsmaður fer á skoðunarstöð og tilkynnir stjórnanda stöðvarinnar um komu sína eða öðrum skoðunarmönnum sé stjórnandi ekki við.
- Eftirlitsmaður fylgist með skoðun skoðunarmanns á einu ökutæki í einu.
- Eftirlitsmaður leitast við að hafa engin áhrif á niðurstöðu skoðunar.
- Eftirlitsmaður skal ekki hefja samræður við skoðunarmann á meðan á skoðun stendur.
- Eftirlitsmaður skal ekki hefja samræður við eiganda/umráðamann ökutækis á meðan á skoðun stendur.
- Eftirlitsmaður skráir niður frávik í dæmingum, þ.e. þau atriði sem ekki eru í samræmi við skoðunarhandbók. Frávikin eru skráð í forrit „e. Microsoft Access“.
- Eftirlitsmaður má leiðrétta og/eða benda skoðunarmanni á atriði sem kunna að hafa yfirsétt.
- Skoðunarmaður fær ekki að sjá niðurstöðu eftirlitsmanns á staðnum nema að hætta sé að ökutækið geti valdið skaða og/eða er óhæft til aksturs. Má þá beita 4. mgr. 33. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja nr. 414/2021, en þar segir „Samgöngustofu er heimilt að breyta niðurstöðum skoðunar, sem skoðunarmaður framkvæmir, ef dæming og niðurstaða skoðunar, eru augljóslega rangar.“
- Eftirlitsmaður getur skoðað ökutækið nánar eftir að skoðun er lokið til að sannreyna skoðun.
- Eftirlitsmaður gerir skýrslu um frávik í dæmingum. Varðveisla þess er í „e. Access“.
- Skýrslan er skráð hjá Samgöngustofu.
- Skýrslan skal send yfirmanni skoðunarstofu sem í hlut á hverju sinni og deildarstjóra tæknimála ökutækja hjá Samgöngustofu. Ef frávik eru ekki innan marka skal fara eftir 33. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja nr. 414/2021 og skal skoðunarstofan gera viðeigandi ráðstafanir, m.a. veita skoðunarmönnum fræðslu, sem og að Samgöngustofa getur krafist þess að viðkomandi ökutæki sé fært til skoðunar á ný. Skoðunarmaður skal þá eftir atvikum sitja sérstakt námskeið og eigi sinna skoðunum þar til að því loknu. Slíkar ákvarðanir eru kærnanlegar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins skv. 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, sbr. 26. og 27. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Tilvísanir / References

Reglugerð um skoðun ökutækja nr. 414/2021

Umferðarlög nr. 77/2019

Skrár / Records